

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2002/62/EB

2005/EES/27/22

frá 9. júlí 2002

um niundu aðlögun að tækniframförum á I. viðauka við tilskipun ráðsins 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (lífræn tinsambönd) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/769/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/91/EB ⁽²⁾, einkum 2. gr. a, sem var tekin upp með tilskipun ráðsins 89/678/EBE ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/51/EB ⁽⁴⁾, um fimmtu aðlögun að tækniframförum á I. viðauka við tilskipun 76/769/EBE, er lagt bann við því að nota lífræn tinsambönd í gróðurhindrandi efni sem eru ætluð á skipsskrokka sem eru styttri en tuttugu og fimm metrar og á skip af hvaða lengd sem er ef þau eru að mestu notuð á innri vatnaleiðum. Í þessari tilskipun er hvatt til endurskoðunar á ákvæðum í tengslum við lífræn tinsambönd, sem eru notuð í gróðurhindrandi efni, að teknu fullu tilliti til þróunar á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), einkum með tilmælum frá sjávarumhverfisverndarnefndinni sem lagði til að allsherjarbann yrði sett eigi síðar en 1. janúar 2003 við notkun lífrænna tinsambanda sem gegna hlutverki sem sæfiefni í gróðurhindrandi efnum fyrir skip.
- 2) Rannsóknir hafa leitt í ljós að tilteknar tegundir gróðurhindrandi efna, sem eru notaðar á skip, skapa umtalsverða hættu fyrir lífríki í vatni. Í alþjóðasamningi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um eftirlit með skaðlegum, gróðurhindrandi efnum, sem samþykktur var á ráðstefnu stjórnarereindreka stofnunarinnar í október 2001, var lagt bann við því frá 1. janúar 2003 að nota eða endurnota á skip lífræn tinsambönd sem gegna hlutverki sæfiefna í gróðurhindrandi vörum.
- 3) Bannið við notkun eða endurnotkun lífrænna tinsambanda hefur bein áhrif á starfsemi innri markaðarins með lífræn tinsambönd og af þeim sökum er nauðsynlegt að samræma lög aðildarríkjanna á þessu sviði og að breyta I. viðauka við tilskipun 76/769/EBE og þó einkum tilskipun 1999/51/EB.

- 4) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins verður fjallað um ráðstafanir í tengslum við skip sem hafa verið meðhöndluð með lífrænum tinsamböndum.
- 5) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/25/EB ⁽⁵⁾ eru settar reglur um skemmtibáta og -skip og þau skulu sæta sömu takmörkunum og önnur skip og bátar.
- 6) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á þau ákvæði í löggjöf Bandalagsins um lágmarkskröfur um vernd starfsmanna sem finna má í tilskipun ráðsins 89/391/EBE ⁽⁶⁾ og sértilskipunum, sem eru byggðar á henni, einkum í tilskipun ráðsins 90/394/EBE ⁽⁷⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 1999/38/EB ⁽⁸⁾, og tilskipun ráðsins 98/24/EB ⁽⁹⁾ um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað.
- 7) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á löggjöf Bandalagsins um notkun lífrænna tinsambanda í plastefnum, sem komast í snertingu við matvæli, sem sett er fram í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/128/EBE frá 23. febrúar 1990 um plastefni og -hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽¹⁰⁾ eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2002/17/EB ⁽¹¹⁾.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með hættuleg efni og efnablöndur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Hér með er I. viðauki við tilskipun 76/769/EBE lagaður að tækniframförum eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 183, 12.7.2002, bls. 58. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2003 frá 20. júní 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 51, 9.10.2003, bls. 14.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 286, 30.10.2001, bls. 27.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 398, 30.12.1989, bls. 24.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 142, 5.6.1999, bls. 22.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 164, 30.6.1994, bls. 15.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 196, 26.7.1990, bls. 1.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 138, 1.6.1999, bls. 66.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 131, 5.5.1998, bls. 11.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 349, 13.12.1990, bls. 26.

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB L 58, 28.2.2002, bls. 19.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. október 2002. Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. janúar 2003.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. júlí 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Í stað 21. liðar I. viðauka við tilskipun 76/769/EBE komi eftirfarandi:

„Liffræn tinsambönd	<ol style="list-style-type: none"> 1. Má ekki markaðssetja til notkunar sem efni og efnisþætti í efnablöndum ef þau gegna hlutverki sæfiefna í málningu og eru í óbundnu formi. 2. Má ekki markaðssetja eða nota sem efni og efnisþætti í efnablöndum sem gegna hlutverki sæfiefna til að hindra bólfestu örvera, gróðurs eða dýra á: <ol style="list-style-type: none"> a) öllum skipum, án tillits til stærðar þeirra, sem nota á til siglinga á hafi, með ströndum, í árósum og innri vatnaleiðum, b) búrum, flotbúnaði, netum eða öðrum tækjum eða búnaði fyrir fisk- eða skelfiskeldi, c) búnaði sem annaðhvort er sökkt alveg eða að hluta til í vatn. 3. Notist ekki sem efni og efnisþættir í efnablöndum sem nota á við meðhöndlun vatns frá iðnaði.“
---------------------	---